

5. september 1978.

367

Nr. 95.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tíað mér að brýna nauðsyn beri til að ákveða nú þegar ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, en gengisbreytingin, sem fól í sér lækkun á gengi krónunnar um 15%, var nauðsynleg til þess að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna og viðskiptastöðu landsins út á við. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 28. ágúst 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslu hinn 28. ágúst 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollýfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 20. september 1978.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að fráðregnum 15% gengis-
mun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað í þágu sjávarútvegsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til og framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1978 en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

Ennfremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann kann að þurfa að greiða vegna framleiðslu árána 1977 og 1978 til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð.

3. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnu-lýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld.
- b. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessara greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða skal varið a) 50% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og b) 50% til að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, og að hluta til að auðvelda útvegsmönnum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa, hvort tveggja eftir þeim reglum og með skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-mæli um framkvæmd laga þessara, þar með að gengismunarfé, sem til fellur á árinu 1978 samkvæmt lögum þessum, megi varðveita í ríkissjóði þar til því verður ráð-stafað skv. 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Munaðarnesi í Mýrasýslu, 5. september 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.